

Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
b.t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Borgarnesi, 21. apríl 2017

## Efni: Fjármálaáætlun 2018 til 2022 og skattahækkanir á ferðaþjónustuna

Icelandair Hotels taka undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Icelandair Group hf. vegna fjármálaáætlunar 2018 til 2022 og mótmæla áformum um skattahækkanir harðlega. Félagið vill jafnframt koma að frekari athugasemdum vegna áhrifa boðaðra skattahækkana á starfsemi þess.

### Skattahækkanir ofan í versnandi ytri aðstæður

Icelandair Hotels benda á að félagið hefur, líkt og margir aðrir ferðaþjónustuaðilar, gert langtímasamninga um verð og framboð á þjónustu. Þetta viðskiptafyrirkomulag er sérstaklega algengt utan höfuðborgarsvæðisins. Samningar við ferðaheildsala kveða á um kaup á gistingu og þjónustu á hótélum félagsins í miklu magni og á tilteknum verðum langt fram í tímann. Áhætta af breytingum í skattaumhverfi félagsins hvílir alfarið á því sjálfu og geta félagsins til að hleypa skattþækkun út í verðlag takmarkast því við að hækka gistiverð til einstaklinga sem bóka með stuttum fyrirvara, en slík viðskipti eru einungis lítið brot af heildargistitekjum félagsins.

Svigrúm félagsins til þess að bera sjálft skattahækkanirnar er lítið sem ekkert, sérstaklega á gliststöðum utan höfuðborgarsvæðisins, enda hafa horfur í greininni versnað umtalsvert vegna mikilla launahækkana og óhagstæðrar gengisþróunar. Áformaðar skattahækkanir munu því til skemmri tíma draga mjög úr arðsemi félagsins en til lengri tíma hafa bein áhrif til umtalsverðra verðhækkana.

Icelandair Hotels eru þegar farin að merkja minnkandi áhuga ferðaheildsala á Íslandi vegna hækkandi verðs af fyrrgreindum ástæðum, þrátt fyrir að áhrif þessara þátta séu ekki að fullu fram komin.

Ferðaheildsalar beina sjónum sínum nú í auknum mæli til samkeppnislanda Íslands og samkeppnisstaða íslenskrar ferðaþjónustu hefur þegar versnað vegna ytri áhrifa. Boðaðar skattahækkanir eru því lagðar fram á alversta tíma og líklegt að áhrif þeirra verði mun meiri en lagt er upp með í greinargerð með fjármálaáætlun.

## **Endurtökum ekki mistök annarra þjóða**

Í Danmörku var virðisaukaskattur hækkaður á gistingu árið 1992, úr 22% í 25%. Frá 1992 til ársins 2014 varð samdráttur í gistingu útlendinga, úr 26,3 milljónum fyrir skattahækkun í 23 milljónir gistingu árið 2014. Danir hafa því upplifað samdrátt í gistingu á sama tíma og aðrar þjóðir hafa horft upp á umtalsverðan vöxt, enda hefur ferðaþjónustuiðnaður vaxið á heimsvísu vegna aukinnar almennrar velmegunar í heiminum.

Danir hafa dregið lærdóm af þessari hækkun virðisaukaskatts og hafa frá 1. janúar 2015 boðið gistingu fyrir viðskiptaferðalanga án nokkurs virðisaukaskatts. Ekki liggur fyrir hver áhrif þessa hafa verið, en langt tímabil samdráttar í gistingu útlendinga í Danmörku í kjölfar skattahækkana hefur verið öðrum þjóðum víti til varnaðar. Icelandair Hotels telur brýnt að íslensk stjórnvöld geri ekki sömu mistök og gerð voru í Danmörku árið 1992.

## **Líklegt að uppbyggingaráform á landsbyggðinni frestist**

Þetta ber að skoða í því samhengi að Icelandair Hotels hafa undanfarin ár lagt sérstaka áherslu á að byggja upp gisti- og afþreyingaraðstöðu á landsbyggðinni og reynt að markaðssetja gistingu og afþreyingu utan háannatíma. Það hefur haft í för með sér ný störf og aukna byggðafestu víða um land. Félagið hefur haft augastað á frekari uppbyggingu á fleiri stöðum utan höfuðborgarsvæðisins, en telur að áformaðar skattahækkningar geti orðið þess valdandi að slíkum áforum þurfi að slá á frest.

## **Fækkar á landsbyggðinni en dregur úr gæðum í höfuðborginni**

Mikilvægt er að hafa hugfast að verðhækkun vegna skattahækkana verður hlutfallslega meiri eftir því sem ferðamenn dveljast lengur hér á landi, enda er gisting og afþreying þá stærri hluti af heildarkostnaði en þegar stuttar ferðir eru annars vegar. Skattahækkningar munu því leiða til þess að ferðamenn komi frekar í styttri ferðir en ella og að þeim muni fækka sem dveljist lengi á Íslandi.

Þannig háttar til að viðskiptavinir Icelandair Hotels sem koma í skemmri ferðir dveljast gjarnan bara á höfuðborgarsvæðinu og skoða sig um á nærliggjandi stöðum, en þeir sem koma í lengri ferðir vilja skoða meira af landinu og eru undirstaða þess að hægt sé að halda úti blómlegri ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

Það verður því að teljast afar sennilegt að boðaðar skattahækkningar muni fyrst og fremst leiða til þess að samdráttur verði í ferðaþjónustu í lengri ferðum utan höfuðborgarsvæðisins en ólíklegt að áhrif á fjölda ferðamanna verði eins mikil í Reykjavík og nágrenni.

Aftur á móti eru Reykjavík og nágrenni í samkeppni við aðrar höfuðborgir um ferðamenn. Skattahækkningar munu hækka verð meira á hágæða gistingu og afþreyingu, án þess að gæði batni á móti og þ.a.l. mun rekstrargrundvöllur gisti- og afþreyingaraðstöðu í hærri gæðaflokki versna umfram ódýrari kosti. Forsendur fyrir því að laða að betur borgandi ferðamenn munu því versna og líklegt að áhersla færist á magn umfram gæði.

## Mikið verið lagt í fjárfestingu á landsbyggðinni undanfarin ár

Icelandair Hotels rekur sex hótel og ellefu sumarhótel utan höfuðborgarsvæðisins og hefur varið milljörðum króna í endurbætur, viðbyggingar og stækkun á þeim á undanförunum árum, samhliða markaðsstarfi sínu til þess að dreifa ferðamönnum víðsvegar um landið.

Það er ekkert launungarmál að rekstur gisti- og afþreyingaraðstöðu er enn sem komið er mun arðbærari á höfuðborgarsvæðinu en utan þess. Fjárfestingar Icelandair Hotels á landsbyggðinni geta því eingöngu staðið undir sér ef nýting þeirra skerðist ekki frá því sem nú er. Félagið hefur því mikla hagsmuni af því að aðgerðir hins opinbera leiði ekki til þess að dreifing ferðamanna yfir veturinn og utan höfuðborgarsvæðisins minnki.

## Skapar aukinn hvata fyrir svarta starfsemi

Undanfarin misseri hefur átt sér stað umræða um skattaundanskot í ferðaþjónustu. Icelandair Hotels benda á að með boðuðum skattahækkunum skapast aukinn hvati til slíkra undanskota. Það segir sig sjálf að það er erfitt fyrir heiðvirða ferðaþjónustuaðila að keppa við þá sem ekki greiða opinber gjöld af sinni starfsemi.

Nú þegar boðaðar hafa verið umtalsverðar skattahækkanir mun samkeppnisstaða Icelandair Hotels við aðila sem ekki standa skil á opinberum gjöldum versna enn frekar. Ástæða er til þess að lýsa yfir áhyggjum vegna þessa.

Icelandair Hotels vilja að endingu benda á að virðisaukaskattsgreiðslur félagsins munu að óbreyttu hækka töluvert vegna þess að miklar frádráttarbærar fjárfestingar hafa átt sér stað á undanförunum árum. Félagið sér ekki fyrir sér að geta haldið uppteknum hætti í þeim efnum og því ekki getað talið fram frádráttarbæran innskatt í eins miklum mæli. Tekjur ríkisins úr hendi félagsins munu af þessum orsökum því að líkindum aukast.

Með vísan til umsagna Icelandair Group og þess sem að framan er rakið telja Icelandair Hotels að fyrirhugaðar skattahækkanir geti haft mikil og neikvæð áhrif á félagið sem og önnur fyrirtæki í ferðaþjónustu. Félagið mótmælir þeim því harðlega og fer þess á leit við Alþingi að fallið verði frá áformunum.

Virðingarfyllt,

F.h. Icelandair Hotels



Magnea Þórey Hjálmarsson,  
framkvæmdastjóri